

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Alþingi Íslendinga

101 REYKJAVÍK

Tillögur að breytingum á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög í framhaldi af fundi sviðsstjóra skráasviðs RSK með efnahags – og viðskiptanefnd miðvikudaginn 29. mars 2017, þar sem óskað var eftir tillögum,:

Hlutafé í erlendri mynt:

5. mgr. 1. gr. hfl. og 4. mgr. 1. gr. ehfl.

Komið hafa upp álitamál um hvort heimilt sé að ákveða hlutafé félags í fleiri en einni mynt samtímis. Þó svo slíkt sýnist vera í andstöðu við orðalag málgreinanna er mikilvægt að taka af allan vafa í þessu efni og því er lagt til að greinarnar hefjist þannig: *Í stað íslensku krónunnar má ákveða hlutafé í einum af eftirtöldum gjaldmiðlum.....*

Greiðsla hlutafjár með öðru en peningum og auðkenning á greiðanda:

2. mgr. 5. gr. ehfl.

Í 1. tölul. segir að í skýrslu stjórnar skuli vera að finna nöfn, kennitölu og heimilisföng þeirra aðila er um ræðir í skýrslunni. Þetta þýðir að í skýrslunni skuli m.a. skrá nafn og kennitölu þess aðila er skráir sig fyrir hlutum annað hvort við stofnun eða við hækkun hlutafjár.

1. mgr. 6. gr. hfl.

Í málgrein þessari er kveðið á um hvað skuli koma fram í skýrslu vegna greiðslu hlutafjár með öðru en peningum. Í ákvæði þessu er ekki kveðið á um að í skýrslunni skuli m.a. vera að finna nafn og kennitölu þess aðila er skráir sig fyrir hlutum.

Ósamræmi er því hér á milli ehfl. og hfl. sem ráða þyrfti bót á. Að mati fyrirtækjaskrár þyrfti að breyta ákvæði 1. mgr. 6. gr. hfl. á þá leið að í skýrslu þessari skuli m.a. vera að finna nafn og kennitölu þess aðila er skráir sig fyrir hlutum annað hvort við stofnun eða við hækkun hlutafjár.

Samruni félaga:

96. gr. ehfl.

Í 2. mgr. 96. gr. ehfl. er kveðið á um að við samruna skuli félagsstjórnir annast um að saminn sé endurskoðaður sameiginlegur efnahags- og rekstrarreikningur. Hér er því kveðið á um að efnahags- og rekstrarreikningur skuli vera endurskoðaðir. Vinnulag fyrirtækja- og ársreikningaskrár hefur verið á þann veg að gera ekki kröfu um endurskoðaðan efnahags- og rekstrarreikning við framagreindar aðstæður. Þess í stað hefur verið kallað eftir samrunaefnahagsreikningi. Einkahlutafélög gera ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 (árl.). Í árl. er að finna ýmsar undanþágur frá því að ársreikningur sé endurskoðaður og ekki hefur þótt rétt að gera ítarlegri kröfur til félaga um gerð samrunareiknings sem sendur er til hlutafélagaskrár en þeim ársreikningi sem sendur er ársreikningaskrá.

Í 2. mgr. 86. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga segir að í samrunareikningsskilum skuli vera upphafsefnahagsreikningur, lokaefnahagsreikningur félaga sem renna saman og samrunafærslur.

Að mati fyrirtækjaskrár er mikilvægt að ákvæði um samruna verði með sambærilegum hætti í lögum um ehf., hf. og árl. þannig að í stað þess að krafist sé endurskoðaðs rekstrar- og efnahagsreiknings sé einungis krafist samrunaefnahagsreiknings í samræmi við árl.

Þá má minna á að á sínum tíma voru felld úr hlutafélagalögum sjálfstæð ákvæði um gerð ársreiknings og þess í stað var alfarið vísað til ársreikningalaga.

97. gr. ehfl.

Í 1. mgr. 97. gr. segir að í hverju samrunafélagi um sig skulu endurskoðandi eða skoðunarmaður gera skýrslu um samrunaáætlun. Telja verður að það skjóti skökku við að skoðunarmenn geti útbúið skýrslu er varðar samrunaáætlun þegar skoðunarmenn geta ekki staðfest greiðslu hlutafjár með öðru en peningum. Hér væri gott að fella brott orðið skoðunarmenn.

Lækkun hlutafjár:

Upp hefur komið tilvik þar sem hlutafé félags er lækkað með greiðslu til hluthafa. Greiðsla þessi fer fram með afhendingu á verðmætum öðrum en peningum, í þessu tilfelli jörð. Fyrirtækjaskrá taldi að vegna þessa þyrfti að skila inn skýrslu sambærilegri þeim sem skila þarf inn þegar hækkun hlutafjár er greidd með öðru en peningum. Viðkomandi aðili var ósáttur við þetta og taldi ekki lagaheimild fyrir þessu.

Að mati fyrirtækjaskrár er æskilegt að taka upp ákvæði í bæði ehfl. og hfl. þess efnis að ef lækkun hlutafjár er greidd með öðru en peningum skuli gera skýrslu í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. ehfl. og 2. mgr. 5. gr. hfl.

Skýrsla þessi er grundvöllur þess að unnt sé að meta hvort verðmæti þau sem renna til hluthafa séu í samræmi við þá lækkun hlutafjár sem tilkynnt er til fyrirtækjaskrár.

Eigin hlutir

2. málsli. 4. mgr. 55. gr. hfl.

Í málslið þessum segir að þegar eigin hlutir hafi verið dregnir frá eftir að félagið hefur eignast hluti megi hlutaféð ekki nema lægri fjárhæð en kr. 4.000.000 .

Fyrirtækjaskrá þykir æskilegt að sambærilegt ákvæði væri að finna í ákvæðum ehfl. Að öðrum kosti er sá möguleiki fyrir hendi að hlutafé einkahlutafélags. verði í raun t.d. ekki nema kr. 450.000.

Hæfisskilyrði

42. gr. ehfl. og 66. gr. hfl.

Í ákvæðum þessum er kveðið á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skuli vera lögráða, fjár síns ráðandi og að þeir megi ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt lögum um almenn hegningarlög eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot og skil á opinberum gjöldum.

Fyrirtækjaskrá leggur til að við ákvæði þessi verði bætt við málsgrein þess efnis að fyrrgreindir aðilar megi ekki á síðustu þremur árum hafa átt sæti í stjórn eða framkvæmdastjórn félaga sem krafist hefur verið skipta á búi vegna ófullnægjandi skila á ársreikningum, sbr. 121. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Fyrirtækjaskrá telur að ákvæði á borð við þetta gæti verið mikilvægur þáttur í bærátunni gegn kennitölufalakki sem einfalt væri að framfylgja.

Hluthafafundur

59. gr. ehfl.

Laga þarf 1. mgr. 59. gr. ehfl. en þar kemur fram að á aðalfundi skuli leggja fram ársreikning og skýrslu endurskoðanda eða skoðunarmanns. Hér þarf að bæta við undanþágu þar sem fram komi að „Hafi félag skilað ársreikningi byggðu á skattframtali í samræmi við ákvæði 3. gr. laga um ársreikninga þarf ekki að leggja fram skýrslu endurskoðanda eða skoðunarmanns.“